

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 23

Dags. 22.6.2011

23. Fundur í Skipulags og umhverfisnefnd, haldinn í Kjarna þann 22. 06. 2011. Kl. 21:00.

Mætt eru Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

1. Erindi frá Sigurði Haraldssyni á Jaðri.

Óskað er eftir samþykki fyrir afmörkun lóðar nr. 153.773 að Jaðri í Reykjadal skv. Meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti Flatarmál hnitsettrar lóðar er 2525 ferm. Jafnframt er óskað eftir samþykki fyrir því að lóðinni verði skipt út úr jörðinni, tekin úr landbúnaðarnotum og skilgreind sem frístundahúsalóð.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að afmörkun lóðarinnar verði samþykkt, henni skipt út úr jörðinni, hún tekin úr landbúnaðarnotum og skilgreind sem frístundahúsalóð

2. Erindi frá Pétri Ingólfssyni

Ósk um stofnun lóðar 1783 ferm. Frístundahúsalóðar út úr landi Stafns 2 skv. Hnitsettum uppdrætti unnum af Guðmundi H Gunnarssyni hjá Búgarði. Lóðin verði stofnuð umhverfis frístundahús með fastanr. 216-3666 sem nú er skráð á jörðinni Fellshlíð. Fyrir liggur skriflegt samþykki annarra landeigenda í óskiptu landi Stafnsbæja. Einnig er óskað eftir að samþykki sveitarstjórnar fyrir nafninu Lerkikot á lóðina.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt skv. Uppdrætti að því gefnu að staðfest verði við skipulagsfulltrúa samþykki veðhafa í Fellshlíð. Jafnframt leggur skipulagsnefnd til að lóðin fái heitið Lerkikot.

3. Erindi frá Þeistareykjum ehf.

Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir borun ÞG-08 á Þeistareykjum 2011

Bora á 2-3000 m djúpa rannsóknarholu ÞG-08 á borplani N í Þeistareykjabruna um 2 km vestan við Þeistareykjaskála. Tilgangurinn með borun holunnar er að kanna nánar jarðhitasvæðið vestan við Tjarnarás.

Þessa er hér með farið á leit með tilvísan í 13.gr. í skipulags og byggingarlögum nr. 123/2010 að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar veiti leyfi fyrir borun ÞG-08 sem fyrirhuguð er sumarið 2011 á Þeistareykjum.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún veiti framkvæmdaleyfið á grundvelli Aðalskipulags Þingeyjarsveitar og fyrirliggjandi gagna og leiti umsagnar skipulagsstofnunar samkvæmt 57. grein skipulagslaga. Ákvæði til bráðabrigða 1. Tölulíð.

Fleira ekki bókað fundi slitið kl. 21:30

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson
